

Alþingi
Erindi nr. P 138/1259
komudagur 16.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (386. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem kveður á um heimildir til handa skattrannsóknarstjóra til að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila.

Viðskiptaráð hefur áður skilað inn umsögn um fyrri útgáfu ofangreinds frumvarps þegar það var lagt fyrir alþingi í ágúst 2009. Við endurskoðun frumvarpsins var tekið mið af hluta af þeim athugasemdum sem ráðið gerði og er lýst ánægju með það og þeim jákvæðu breytingum sem hafa orðið á frumvarpinu í heild. Viðskiptaráð gerir þó athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins og ítrekar einnig þær sem ekki var tekið mið af við endurskoðun þess.

Það er mat Viðskiptaráðs að bæði eðlilegt og nauðsynlegt sé að opinberar eftirlits- og rannsóknarstofnanir hafi þau úrræði sem þurfa til að markmiðum í starfsemi þeirra sé náð. Hvað þetta frumvarp varðar þá er mikilvægi þess fyrir ríkissjóð og samfélagið í heild að skattaðilar standi skil á lögbundnum álögum augljóst. Er það algjörlega óháð skoðun manna á því hvernig haga skuli hlutfalli, fyrirkomulagi og ráðstöfun skattheimtunnar.

Þó svo kyrrsetning eigna skattaðila sem skattrannsókn beinist að geti vissulega verið mikilvægt úrræði til að tryggja skattheimtur þá verður kyrrsetning, líkt og allar aðrar valdheimildir opinberra stofnanna, að vera í samræmi við kröfur réttarríkisins. Í því felst einkum að við slíkum heimildum eru reistar tilteknar skorður svo ekki sé gengið um of á réttindi þeirra er rannsókn beinist að, t.a.m. stjórnarskrárvarinn eignarétt.

Viðskiptaráð ítrekar fyrri athugasemdir sínar um forsendur að baki kyrrsetningu eins og sett er fram í frumvarpinu. Það er mat ráðsins að kyrrsetningu, að teknu tilliti til krafna réttarríkisins, verði aðeins beitt sé rökstuddur grunur um brot, en ekki aðeins grunur líkt og segir í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í þessum orðalagsmun liggur grundvallarbreyting á þeim kröfum sem gerðar eru til beitingar viðkomandi stofnunar á umræddri valdheimild. Sönnunarfærsla stofnunarinnar þarf að vera sterkari og með því eru réttindi þess er rannsókn beinist að betur varin. Heimildir skattrannsóknarstjóra til að hefja rannsókn á skattaðila þarf einungis að byggja á grun en ekki gerð krafa um rökstuddan grun. Eðli málsins samkvæmt verður að gera ríkari kröfur til valdheimilda umfram heimild til að hefja rannsókn og verður því ekki séð að sú valdheimild sem í kyrrsetningu felst verði sett undir sama hatt og rannsóknarheimild skattrannsóknarstjóra. Ríkari kröfur verður að gera til beitingar slíkrar valdheimildar.

Ríkari kröfur um sönnun eru jafnframt eðlilegar í ljósi þess að kyrrsetningu getur einnig verið beitt gagnvart aðilum sem skattrannsókn beinist ekki að, en bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra sem rannsóknin beinist að. Heimild frumvarpsins til að veita kyrrsetningu á ábyrgðaraðila skattgreiðslna

gengur lengra en þær heimildir sem fyrir eru í lögum um kyrrsetningu. Lög nr. 31/1990 um kyrrsetningu gera aðeins ráð fyrir að skuldari geti sætt kyrrsetningu, sbr. 5. gr. Í ofangreindu frumvarpi er því um mjög rúma heimild að ræða þar sem henna er ætlað að ná til fleiri aðila en ætlaðs skuldara. Ekki eru færð sérstök rök fyrir ástæðu útvíkkunar heimildar sem til staðar er og að rík ástæða sé að baki. Gera verður þá kröfu til eins ríkra heimilda og í frumvarpi þessu felst að ekki sé farið út fyrir það sem getur talist eðlilegt og rétt.


Hér kemur líka til álita að skattrannsóknarstjóri þarf ekki, skv. frumvarpinu, að setja tryggingu fyrir hugsanlegri greiðslu bóta til viðkomandi falli rannsókn niður eða feli niðurstaða hennar í sér að engin brot hafi verið framin.

Athugasemd verður einnig að gera við að ekki er gert ráð fyrir tímaramma við beitingu kyrrsetningar í frumvarpinu. Kyrrsetning er mjög umfangsmikið úrræði og sérstaklega þegar heimild er eins rúm og frumvarp þetta ber með sér. Verður að gera þá kröfu að úrræðum sem þessum sé beitt innan eðlilegra og skynsamlegra marka og að takmörkun sé á beitingu slíkra úrræða. Eðlilegt væri að tímamörk eða takmörkun að því tagi kæmu fram til að tryggja að beiting úrræðis fari ekki úr hófi fram.

Að lokum telur ráðið að skoða þurfi frekar hvort yfirleitt sé þörf á kyrrsetningarheimild í lögum um tekjuskatt. Slíkri heimild er til að dreifa í lögum um kyrrsetningu nr. 31/1990 og jafnframt í lögum um sakamál nr. 88/2008. Líkt og bent hefur verið á í almennri umræðu um heimildir til kyrrsetningar, þá getur skattrannsóknarstjóri leitað atbeina lögreglu leiki grunur á um brot og krafist kyrrsetningar ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan þó rannsókn sé enn í fullum gangi.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til framangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands